



Háskólinn
á Akureyri
University
of Akureyri

Þegar þú skiptir um gleraugu

Viðhorfsbreytingin sem átti sér stað eftir að við lentum í
“netárás”.



Afhverju heyrum við ekkert?

- Standard upplýsingar um að öryggisbrestur hafi átt sér stað.
- Ósk um ítarlegri upplýsingar skila oft litlu.
- Sögusagnir og ágiskanir fara á flug.

Viðhorf tækniteymis HA fyrir atvik

- Vera eins opin og hægt er.
- Sækja okkur aðstoð þegar við þurfum.
- Kerfisuppsetning er ekki hafin yfir gagnrýni.
- Litli sveitaskólinn sem ekkert er hægt að græða á.
- “Við erum nokkuð örugg”

Hvað gerðist?

- Símhringing frá CERT-IS um að óprúttir aðilar væru komnir inní kerfin okkar.
- AD upplýsingar “in the wild”
 - En virðist vera takmarkað við read only upplýsingar en ekki lykilorð.
- Upplýsingar berast um að þetta sé Karakurt hópurinn.
- Engar upplýsingar um hvernig þeir komast inn.



Hvað gerðum við?

- Áttuðum okkur á eigin takmörkum.
 - Fengum sérfræðinga og auka hendur.
- Upplýstum stjórnendur.
- Tilkynntum persónuvernd, CERT-IS og lögreglu.
- Gáfum út tilkynningu á aðalvef skólans.
- Viðtal við RÚV um atvikið.
 - Myndlíking ársins um leit að ummerkjum : ”Það má segja að þetta sé eins og að fara uppí Hlíðarfjall eftir annasamasta dag ársins og leita að músarsporum. Það er verið að leita að sporum sem eflaust gætu verið þarna, kannski ekki, eru agnarsmá og svæðið er risastórt ”



Viðhorf í atviki

- Lokum og lokum svo meiru.
 - Ekki eyða púðri í að finna blóraböggul.
 - Látum forensic vinnu mæta afgangi.
- Engin skömm.
- Rýna til gagns.
- Hugsum um fólkið í kringum okkur.
- Skilgreinum hlutverk og dreifum álagi.



Hvað heyrðum við og sáum?

- Taktlaus umræða á samfélagsmiðlum.
- Baráttukveðjur úr bransanum.
- Misjafn skilningur notenda.
 - “Ég næ ekki alveg utanum hvað er hægt að gera við þessar upplýsingar”
 - “Er þetta ekki bara einhver móðursýki?”
 - “Hvernig ver ég mig betur?”
 - “Það er ekki eins og þeir hafi komist yfir feisbúkkið mitt”
 - “Afhverju erum við ekki betur varin en þetta?”

Hvað lærðum við?

- Illmögulegt að vita og kunna allt.
- Netöryggi er ekki nægilega ofarlega á forgangslistum.
- Bjóddu fram aðstoð frekar en að pirrast yfir því að vita ekkert.
 - Það er fullt af UT fólki þarna úti sem er tilbúið að aðstoða.
- Það er ekki hægt að birta allt.
 - En segðu frá því sem hægt er að segja frá.